


STARFSÁÆTLUN UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐS 2020

Málaflokkar 07, 08, 09, 10, 11
og 03, 13, 31,32 að hluta



Lokastígur 3-17, Dalvík

Efnisyfirlit

Starfsáætlun umhverfis-og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar	2
1. Leiðarljós	2
2. Hlutverk	2
3. Helstu verkefni og innra starf	3
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2019)	5
5. Meginverkefni næsta árs (2020)	7
Greinargerð um breytingar og nýmæli	8
3ja ára áætlun	9

Starfsáætlun umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar

1. Leiðarljós

Umhverfis- og tæknisviði Dalvíkurbyggðar hefur að markmiði að veita trausta og góða þjónustu til allra íbúa Dalvíkurbyggðar innan marka laga, reglna og samþykktar sveitarfélagsins.

Starfsmenn sviðsins leitast við að sýna viðskiptavinum sviðsins og samstarfsmönnum jákvæðni og þjónustulund og gæta jafnræðis í hvívetna.

Mikilvægt er að starfsmenn sviðsins gæti trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæti þagmælsku þar sem við á.

Ætlunarverk umhverfis- og tæknisviðs er að fullnægja þörfum og væntingum viðskiptavina sviðsins með því að veita þeim nútímanlega, áreiðanlega og skjótvirka þjónustu og ráðgjöf.

Leiðarljós umhverfis- og tæknisviðs eru:

- Að reyna ávallt að koma til móts við þarfir og væntingar viðskiptavina sinna innan marka laga, reglna og samþykktar sveitarstjórnar.
- Að leitast ávallt við að sýna viðskiptavinum sviðsins og samstarfsmönnum jákvæðni og þjónustulund og gæta jafnræðis í því sambandi.
- Að starfsmenn sviðsins vinni saman sem samstilltur hópur að markmiðum sviðsins.
- Að unnið sé eftir þjónustustefnu sveitarfélagsins.
- Að starfsmenn gæti trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara með samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins samkvæmt.
- Að leitast við að gera betur í dag en í gær og ennþá betur á morgun.
- Hámarksnýting og lágmarkssóun.

2. Hlutverk

Eftirfarandi málaflokkar falla að hluta eða í heild sinni undir umhverfis- og tæknisvið: 03 heilbrigðismála hluta, 07 Brunamál og almannavarnir, 08 Hreinlætismál, 09 Skipulags- og byggingarmál og Eigna- og framkvæmdadeild, 10 Umferðar- og samgöngumál, 11 Umhverfismál, 13 Landbúnaðarmál, 31 Eignasjóður og 32 sem eru fjárfestingar Eignasjóðs.

Viðskiptavinir sviðsins eru allir íbúar sveitarfélagsins en mikil samskipti eru einnig við verktaka á svæðinu. Það er einnig hlutverk sviðsins að vera öðrum sviðum og stofnunum Dalvíkurbyggðar til ráðgjafar um umhverfis- og tæknitengd málefni svo og Byggðarráði og Sveitarstjórn.

Framtíðarsýn Umhverfis- og tæknisviðs er að tileinka sér kosti upplýsingartækninnar og nýjustu kenningar og tækni á sviði umhverfis, skipulags og byggingarmála ásamt opinberri stjórnslu til að vinna að því að Dalvíkurbyggð verði meðal framsæknustu sveitarfélaga landsins sem veiti íbúum sínum gæðþjónustu.

Viðskiptavinir umhverfis- og tæknisviðs eru:

Ytri viðskiptavinir:

- Íbúar Dalvíkurbyggðar.
- Fyrirtæki í sveitarfélaginu.
- Allir sem leita eftir almennum upplýsingum um þjónustu og starfsemi Dalvíkurbyggðar.
- Ýmsar opinberar stofnanir og fyrirtæki.

Innri viðskiptavinir:

- Kjörnir fulltrúar Dalvíkurbyggðar.
- Fagsvið sveitarfélagsins, fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins.
- Starfsmenn Dalvíkurbyggðar.

3. Helstu verkefni og innra starf

Helstu verkefni Umhverfis- og tæknisviðs eru; brunamál og almannavarnir, hreinlætismál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál, umhverfismál, landbúnaðamál, eignasjóður og fjárfestingar eignasjóðs.


Almenn þjónusta við viðskiptavini sveitarfélagsins, innri og ytri.

Ráðgjöf við önnur fagsvið og allar stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins.

Fundir umhverfisráðs, landbúnaðarráðs, framkvæmdastjórnar og vikulegir fundir með starfsmönnum Eigna- og framkvæmdadeildar .


Umhverfis- og tæknisvið er eitt af fimm fagsviðum sveitarfélagsins, sjá nánar skipurit Dalvíkurbyggðar:

Skipurit Dalvíkurbyggðar 



Nýtt skipurit Umhverfis- og tæknisviðs.

Ný deild; Eigna – og framkvæmdadeild



4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2019)

• Eignasjóður:

Hafin var vinna við endurnýjun á skólalóð Dalvíkurskóla, en þeirri framkvæmd var skipt niður á þrjú ár. Aðrar framkvæmdir eignasjóðs voru ýmis smávægileg viðhaldsverk og endurbætur á stofnunum sveitarfélagsins og eru nokkur enn í vinnslu þegar þetta er skrifað.

• Skipulagsmál:

Mikil vinna fór í enduskoðun deiliskipulags Hóla- og Túnahverfis, en umsókn þar sem farið var fram á breytingu á skipulaginu þannig að byggja mætti tvö parhús í stað tveggja einbýlishúsa gerði það að verkum að enduskoða þurfti allt deiliskipulagið. Vinna við deiliskipulagsbreytinguna er enn í gangi þar sem samhliða henni þurfti að endurskoða Aðalskipulagið. Að frumkvæði sveitarstjórnar var farið í að kortleggja möguleika á þéttingu byggðar á Dalvík og haldinn fjölmennur opinn íbúafundur þar sem tillögur Umhverfisstofnunar voru kynntar.

Á árinu hófst vinna við deiliskipulag Hauganess. Haldinn var vel sóttur íbúafundur í Árskógi í upphafi verkefnisins og stefnt er að auglýsingu snemma árs 2020.

Deiliskipulag fyrir Fólkvanginn í Böggvisstaðafjalli er langt komið, en gera þurfti ýtarlega deiliskráningu fornminja í Fólkvanginum áður en deiliskipulagið færi í auglýsingu.

• Byggingarmál:

Áframhaldandi uppbygging er í Dalvíkurbyggð og eru nú í byggingu tvö einbýlishús, eitt þriggja íbúða raðhús og tekinn hefur verið grunnur fyrir parhúsi við Hringtún .

Leiguíbúðir Dalvíkurbyggðar Hses standa að byggingu 7 íbúða í tveimur húsum við Lokastíg . Íbúðirnar eru hannaðar og byggðar með þarfir fatlaðra í fyrirrúmi.

Samherji er að leggja lokahönd á hátækni-frystihús sitt við Sjávarbraut á Dalvík.

Endurbygging á fjósi á Ytra-Hvarfi hófst í sumar og eru framkvæmdir þar í fullum gangi.

Töluvert fleiri lóðum hefur verið úthlutað sem ekki eru hafnar framkvæmdir á.

Þessum framkvæmdum fylgja töluverðar úttektir og umsýsla á Umhverfis- og tæknisviði.

Mikil vinna var lögð í afritun á teikningasafni sveitarfélagsins, en ráðinn var starfsmaður í það verkefni í hlutastarf. Nú er stærsti hluti af teikningarsafni embættisins aðgengilegur á vef sveitarfélagsins. Það er þó þörf á áframhaldandi vinnu við þetta verkefni þar sem enn bætast við teikningar og því samþykkti Sveitarstjórn ráðningu aðstoðarmanns í 50% starf fram að ármótum. Sá starfsmaður mun halda áfram skönnun teikninga ásamt fleiri verkefnum á sviðinu.

Embætti byggingarfulltrúa Dalvíkurbyggðar hefur tekið upp úttektarkerfi

Mannvirkastofnunar og á síðustu misserum var opnað fyrir rafræna umsókn byggingarleyfa gegnum gátt Mannvirkjastofnunar.

• **Gatnaframkvæmdir.**

Lokið var við framkvæmdir og nýlögn á vegkaflanum milli Ægisgötu og Öldugötu á Árskógssandi.

Sett var upp vegrið á horni Aðalbrautar og Ægisgötu á Árskógssandi.

Lögð var ný gangstétt við Böggvisbraut frá Staðarhóli að Ægisgötu.

Vetrarstæði á Hauganesi var stækkað.

Lagt var fyrra lag af olíumöl á veginn upp að Upsakapellu og seinna lag á báða afleggjara í Laugahlíðarhverfi. Vinna við uppsetningu á götulýsingu á báða afleggjara í Laugahlíðarhverfi hefst nú í haust.

Lagður var göngustígur milli Böggvisbrautar 20 og Skógarhóla 29 ásamt stoðvegg milli lóða.

Hafin er vinna við göngustíga að opnu svæði í Túnahverfi.

Vinna við breytingar á gatnamótum Skíðabrautar, Hafnarbrautar og Grundargötu er hafin, en það verk er unnið í samvinnu við Vegagerðina.

Önnur smærri verk hafa komið til framkvæmda eða eru í vinnslu þegar þetta er ritað.

• **Landbúnaðarmál.**

Áfram var haldið vinnu við endurnýjun á fjallgirðingu á Árskógsströnd og á vormánuðum var samið um vinnu og efni við þann áfanga sem ráðgert var að framkvæma í sumar.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Endurskoðun á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar.
- Unnið er að byggingu á sjálfstæðri búsetu fyrir fólk með sérþarfir í Dalvíkurbyggð í samvinnu við sviðsstjóra Félagsmálasviðs og sveitarstjóra. Sviðsstjóri Umhverfis- og tæknisviðs situr í stjórn leiguíbúða Dalvíkurbyggðar Hses.
- Vinna vegna framkvæmda á hafnarsvæði er unnin í samvinnu við Veitu- og hafnasvið.
- Eigið eldvarnareftirlit (Eldvarnarbandalagið) í samvinnu við VÍS.
- Umferðaröryggisáætlun Dalvíkurbyggðar er unnin í samvinnu við Vegagerðina.
- Endurskoðun á Byggingarreglugerð í samvinnu við Félag byggingafulltrúa.
- Endurskoðun á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar. Sviðsstjóri Umhverfis- og tæknisviðs situr í nefndinni fyrir hönd Dalvíkurbyggðar.

5. Meginverkefni næsta árs (2020)

- Koma þarf þjónustu og virkni Eigna- og framkvæmdadeildar í gagnið.
- Endurskoðun á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar.
- Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Dalvíkurbyggð er aðili að samráðsvettvangi sveitarfélaga um loftslagsmál. Móta þarf stefnu sveitarfélagsins, á hvaða

heimsmarkmið við ætlum að leggja áherslu og hvernig við ætlum að mæla árangur af þeirri vinnu.

- Deiliskipulög fyrir Fólkvanginn í Böggvisstöðafjalli, Hauganes og Laugarhlíðahverfi verði kláruð.
- Áframhaldandi endurbætur á skólalóð Dalvíkurskóla.
- Eftirlit með byggingaframkvæmdum og öðrum þeim framkvæmdum sem heyra undir Umhverfis- og tæknisvið.

Verkefni sem byrjað var á 2019 sem mögulega halda áfram inn á árið 2020:

- Endurskoðun Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar.
- Gert er ráð fyrir að vinna við deiliskipulag Fólkvangsins í Böggvisstöðafjalli, deiliskipulag fyrir Hauganes og deiliskipulag Laugarhlíðarhverfis klárast árið 2020, en sú vinna er þegar hafin.
- Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram vinnu við endurnýjun á fjallgirðingu á Árskógsströnd. Einnig þarf að gera samkomulag við alla landeigendur á svæðinu og í framhaldinu þinglýsa því sem kvöð á hverja jörð.
- Uppsögn á erfðafestusamningum og gerð nýrra lóðarleigusamninga á Hauganesi.
- Endurmæling á lóðum og gerð nýrra lóðarleigusamninga.
- Endurskoðun á gömlum leigusamningum beitar og ræktunarlanda.
- Vinna við endurnýjun skólalóðar Dalvíkurskóla

Ný verkefni og verkefni í sívinnslu inn á árið 2020:

- Efling upplýsingagjafar vegna sorpmála.
- Opnir íbúafundir vegna skipulagsmála, þar með talið endurskoðun á Aðalskipulagi Dalvíkurbyggðar
- Úttekt á götulýsingu og LED væðing sveitarfélagsins hefjist árið 2020.
- Hafin verði vinna við viðhald og endurbætur á öllum núverandi leiksvæðum í sveitarfélaginu
- Áhættumat; eftirfylgni og endurmat. Slökkviliðsstjóri heldur utan um verkefnið fyrir hönd Dalvíkurbyggðar.
- Gerð viðhaldsáætlunar fyrir allar fasteignir eignasjóðs Dalvíkurbyggðar, en fest var kaup á viðhaldkerfinu BYGG frá Hannarr og mun nýr deildarstjóri Eigna- og framkvæmdadeildar stýra þeirri vinnu.
- Samþykktir og reglur er heyra undir umhverfis- og tæknisvið endurskoðaðar ef ástæða þykir til.
- Unnið verður áfram að því að minnka pappírsmarkmiðun bæði í sparnaðarskyni og út frá umhverfissjónarmiðum.
- Ytra mat og gæðastjórnun fyrir sviðið verði skoðuð í tengslum við markmiðasetningu sviðsins og ímynd sveitarfélagsins.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Starfsemi eigna- og framkvæmdadeildar skipulagt.
- Endurskoðun Aðalskipulags Dalvíkurbyggðar.
- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð; unnið er að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum.
- Endurskoðaðir verða gildandi samningar um snjómokstur og slátt á opnum svæðum og lóðum við stofnanir sveitarfélagsins og það metið hvort bjóða eigi verkin út að nýju.
- Endurskoðun á Umferðaröryggisáætlun Dalvíkurbyggðar.

Greinargerð um breytingar og nýmæli

Bílamál:

- Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs sviðs hafði heimild til kaupa á rafmagnsbirfreid fyrir sviðið. Sú birfreid var keypt á vormánuðum og hefur reynst afburðarvel.

Úttektarapp MVS og breytingar á byggingarreglugerð:

- Umhverfissvið hefur hafið notkun á úttektarkerfi Mannvirkastofnunar og hefur verklagi við úttektir og yfirferð teikninga verið breytt í samræmi við breytingar sem gerðar voru á Byggingarreglugerð.
- Einnig hefur verið tekið upp rafrænt byggingarleyfi sem gerir umsækjendum kleift að skila inn öllum gögnum gegnum gátt Mannvirkjastofnunar. Framtíðarsýn Mannvirkastofnunar er sú að öll gögn er varða mannvirki skuli koma í gegnum gátt stofnunnarinnar og ef ekki þá skal þeim skilað til þeirra.

Eigna- og framkvæmdadeild:

- Um miðjan september tók til starfa deildarstjóri Eigna- og framkvæmdadeildar. Einnig var gengið frá ráðningu í eitt starf almenns starfsmanns á Eigna- og framkvæmdadeild. Alls sóttu fimm um starfið. Einn af eldri starfsmönnum sviðsins óskaði eftir að vera metinn inn í nýtt starf og var hann í kjölfarið ráðinn. Deildin telst þar með fullmönnuð og fest hafa verið kaup á þeim búnaði sem óskað var eftir svo deildin gæti synnt sínu hlutverki. Nýr deildarstjóri er að setja sig inn í þau fjölmörgu verkefni sem falla undir þessa deild og munu næstu mánuðir verða notaðir í að móta verklag ofl.

	Raun	Raun	Áætlað	Áætlað
Nokkrar lykiltölur umhverfis- og tæknisviðs:	2017	2018	2019	2020
Fjöldi útgefna byggingarleyfa	15	12	16	15
Fjöldi útgefna framkvæmdarleyfa	8	4	6	8
Fjöldi útgefna búfjárleyfa	3	3	4	4
Sorp magn	914 tonn	1003 tonn	1010 tonn	1050 tonn
Fjöldi funda umhverfisráðs	14	14	14	18
Fjöldi funda landbúnaðarráðs	7	7	7	10

3ja ára áætlun

Forsendur

- Frekari eftirfylgni og uppbygging á rafrænni stjórnarsýslu og miðlun upplýsinga, innri og ytri.
- Endurnýjun á tölvu- og hugbúnaði samkvæmt endurnýjunaráætlun.
- Endurnýjun og uppfærsla á hugbúnaði samkvæmt þarfagreiningu.
- Innleiðing á rafrænu byggingargátt og úttektarkerfi frá MVS.
- Endurnýjun bílafloata sveitafélagsins samkvæmt tillögum.

Efnahagur:	2020	2021	2022	2023
Nýframkvæmdir gatna	68	68	70	75
Endurnýjun á götulýsingu í sveitarfélaginu	16	16	16	16
Endurnýjun á leiktækjum opinna leiksvæða	5	5	5	5

Börkur Þór Ottósson
 Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs

Dalvíkurbyggð 10. október 2019